Rannsóknasjóður Háskóla Íslands: Verkefnastyrkir Viðmið og verklag

Markmið verkefnastyrkja Rannsóknasjóðs

Í samræmi við 7. mgr. 75. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands setur vísindanefnd háskólaráðs eftirfarandi viðmið um vinnulag og mat á umsóknum í tengslum við úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Verkefnasjóður veitir styrki til rannsóknarverkefna akademískra starfsmanna. Adjúnktstarf veitir ekki aðgang að verkefnasjóðnum. Verkefnasjóður styrkir aðeins eitt verkefni frá hverjum aðalumsækjanda. Auk þess getur umsækjandi ekki sótt um sem aðalumsækjandi áður en fyrra styrkstímabili er lokið og lokaskýrslu hefur verið skilað til Vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands.

Skv. reglum háskólans 569/2009, 75. grein annast stjórn Rannsóknasjóðs faglegt mat umsókna vegna verkefnastyrkja.

Nýjar umsóknir eru metnar af stjórn Rannsóknasjóðs á grundvelli gæðaviðmiða sem lýst er hér fyrir neðan.

Allar umsóknir sem uppfylla viðmið um gæði fá styrk. Upphæð styrks er ákveðin ár hvert með hliðsjón af því fjármagni sem er til ráðstöfunar í Rannsóknasjóði og fjölda samþykktra umsókna. Hægt er að sækja um styrk til eins, tveggja eða þriggja ára í senn.

Umsækjendur sem hafa verið í akademísku starfi í að hámarki fimm ár geta óskað eftir eingreiðslu á samþykktum styrk fyrir heildartímabilið þegar um tveggja eða þriggja ára styrk er að ræða. Sé slíks óskað þarf að fylgja greinagóður rökstuðningur til dæmis með vísun í kaup á efnum, öflun gagna eða aðgangi að gögnum.

Lokaskýrslu þarf að skila að styrktíma liðnum. Ekki þarf að skila framvinduskýrslu eftir hvert ár.

Við ákvörðun um upphæðir styrkja er stjórn rannsóknasjóðs Háskóla Íslands heimilt að taka tillit til þess hvort umsækjandi hafi hafið akademískt starf við Háskóla Íslands innan fimm ára frá úthlutun, eða hafi verið í barneigna- eða veikindaleyfi undangengin fimm ár.

Mat á umsóknum um verkefnastyrki

Stjórn Rannsóknasjóðs metur umsóknir til sjóðsins. Í mati er áhersla lögð á skýrleika, fræðileg gæði og fýsileika umsókna.

Vísindanefnd háskólaráðs ákveður hámarksfjárhæð styrkja og fjölda styrkflokka en ákvörðun um úthlutun einstakra styrkja er í höndum stjórnar Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands.

Ef fulltrúar í stjórn Rannsóknasjóðs eru tengdir umsóknum eða umsækjanda skulu þeir víkja af fundi.

Sjá nánar um vanhæfi og hagsmunaárekstra á síðu Háskólaráðs

Verklag við úthlutun styrkja

Búa þarf til notendareikning á Researchweb til að senda inn umsókn í fyrsta skipti

Umsóknum er skilað á íslensku eða ensku.

Skil á lokaskýrslu vegna fyrri styrkja er skilyrði fyrir styrkveitingu.

Umsækjandi skal veita ótvíræð og tæmandi svör við öllum liðum umsóknarblaðsins. Ófullnægjandi umsóknir hljóta ekki afgreiðslu.

Athugið að umsóknarkerfið takmarkar lengd texta. Ekki er veitt undanþágu varðandi lengdarmörk umsókna.

Styrkir úr verkefnahluta Rannsóknasjóðs eru færðir yfir á það verkefnisnúmer sem umsækjendur gefa upp í umsókn. Ef stofna á nýtt númer þá skal snúa sér til skrifstofu viðkomandi fræðasviðs.

Styrkir til þeirra umsækjenda sem hafa bókhald sitt á stofnunum Háskólans sem hafa sjálfstæðan fjárhag eru færðir til viðkomandi stofnunar sem sér um yfirfærslu til styrkþega.

Styrkþegar snúa sér til viðkomandi starfseiningar vegna fjárhagslegs utanumhalds styrkja. Þeir sem hafa bókhald sitt á stofnunum er bent á skrifstofu stofnunar.

Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands upplýsir forseta, rekstrarstjóra, mannauðsstjóra og rannsóknarstjóra fræðasviðanna um hverjum var veittur styrkur.

Í því tilfelli sem aðstæður verða til sem koma í veg fyrir framkvæmd verkefnisins ber styrkþegi ábyrgð á að tilkynna Vísinda- og nýsköpunarsviði (rannsoknasjodir@hi.is) hvort óskað sé eftir niðurfellingu styrksins eða annarri ráðstöfun. Vísinda- og nýsköpunarsvið ber beiðni styrkþega undir stjórn Rannsóknasjóðs.

Reglur sjóðsins og aðrar upplýsingar um sjóðinn er að finna á vef Rannsóknasjóðs. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vísinda- og nýsköpunarsviðs (rannsoknasjodir@hi.is).